

Esja Architecture  
1674København

Reykjavík, 21. október 2022  
UST202207-148/I.M.B.  
09.07.01

## Umsókn um leyfi til framkvæmda - Spákonufellshöfði

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Esja Architecture, dagsett 12. júlí 2022, um leyfi til framkvæmda í Spákonufellshöfða á Skagaströnd.

Spákonufellshöfði var friðlýstur sem fólkvangur sbr. auglýsingu nr. 444/1980. Mannvirkjagerð og hvers konar annað jarðrask er þar óheimilt, þar á meðal efnistaka. Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Umhverfisstofnunar.

### Lýsing verkefnis:

Sótt er leyfi til að setja upp fuglaskoðunarhús norðanvert í fólkvanginum, bæta og afmarka bílaplan, bæta merkingar og gera úrbætur og viðbætur á göngustígum fólkvangsins.

Göngustígar í fólkvanginum verða styrktir, afmarkaðir og merktir. Loka á fyrir villustíga með bandi, stika óskýrar leiðir með hælum og stígur færður til eða dreinaður eftir því sem við á á bleytuköflum. Á nokkrum stöðum við göngustígana verða sett nestisborð með bekkjum.

Fuglaskoðunarhúsið verður um 6 m<sup>2</sup> að flatarmáli og um 4,75 m að hæð og vísar lögun þess til kristals. Burðarvirki hússins verður úr greni og innanhúss klæðning úr ösp. Klæðningin verður lóðrétt polycarbonate klæðning sem er fest á láréttar lektur. Undirstöðurnar verða timburstólpar festir í stálskó sem verða boruð í klöpp og festir með múrlími. Gert er ráð fyrir 4-5 punktum þar sem undirstöður verða festar niður. Húsið verður sett saman á staðnum úr forsmíðuðum einungum sem unnt er að flytja á staðinn án stórra vinnutækja en annað hvort verður efninu ekið áleiðis inn á svæðið með fjórhjóli og kerru og borið að framkvæmdasvæðinu eða með snjósleða en það fer eftir árferði og hentileika hvor leiðin verður farin. Fjöldi starfsmanna sem koma að verkefninu eru 4-10. Staðsetning hússins liggur upp af gönguleið svo einugis þarf að fara lítilega út fyrir göngustíga. Það gæti þurft að raska jarðvegi til þess að koma húsinu fyrir, en því verður haldið í lágmarki. Til mótvægis við raskið sem verður vegna framkvæmdarinnar er að jarðvegur færður til fyrra horfs.

Ný skilti verða sett upp í fólkvanginum samkvæmt leiðbeiningum Vegrúnar. Núverandi skilti verða endurgerð og/eða uppfærð eftir því sem við á með fræðslu m.a. um náttúru, lífríki og sögu svæðisins ásamt uppfærðu korti af fólkvanginum. Skiltin verða unnin í samráði við Umhverfisstofnun og staðkunnuga. Einnig verða sett upp lítil fræðsluskilti við göngustígana. Kort af staðsetningu skiltanna fylgdi umsókninni.

Bílaplanið verður stækkað úr 120 m<sup>2</sup> í 150 m<sup>2</sup> og verður malbikað og endurmótað. Við bílastæðið verður hellulögð stétt og kantur steypdur til stuðnings og mótunar. Við bílaplanið verður gangstétt og upp af henni verður setusvæði sem verður hellulagt með vinarsteini.

Yfirborð stéttarinnar og setusvæðisins verður gegndræpt svo ekki verður þörf á afvötnun. Einnig verður sett upp aðstaða fyrir reiðhjól við bílastæðið með sex hjólastæðum. Á svæðinu í kringum bílastæði verður farið í endurheimt náttúrulegs gróðurs sem nú er laskaður.

Frá bílastæði verður settur lagður stígur sem talist getur aðgengilegur fyrir hjólastóla á um 300 m kafla. Stígurinn liggur upp að steiptum palli gamallar bryggju sem er á svæðinu þar sem settur verður upp útsýnispallur úr timbri með sætum.

Framkvæmdunum verður skipt upp í tvo fasa. Farið verður í fasa eitt, þ.e. göngustígana, bílastæði og fuglaskoðunarhús vorið 2023 og fasa tvö, þ.e. skiltin, hjólastólafæra stíginn og útsýnispallinn haustið 2023.

Teikningar, afstöðumyndir og kort af framkvæmdunum fylgdu umsókninni í gögnum dags. 29. september 2022.

### ***Áhrifamat:***

Umhverfisstofnun metur að umræddar framkvæmdir séu þess eðlis að þær muni stuðla að aukinni vernd svæðisins, betri stýringu og aukinni upplifun og aðgengi gesta. Stofnunin telur það til fyrirmyndar að nota eigi eldri mannvirki, s.s. slóða og grunna og aðlaga að betri nýtingu, öllum til hagsbóta. Framkvæmdirnar eru til samræmis við aðgerðaráætlun sem unnið er að við gerð stjórnunar- og verndaráætlun fyrir fólkvanginn sem unnin er í samráði Umhverfisstofnunar og sveitarfélagsins. Drög að áætluninni var kynnt opinberlega dagana 15. júní – 15. ágúst 2022.

### ***Niðurstaða og skilyrði:***

Í aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagastrandar 2010 – 2022 kemur fram að ekki sé gert ráð fyrir mannvirkjum á svæðinu. Í endurskoðuðu aðalskipulagi sveitarfélagsins 2019 – 2031, sem er í vinnslu, kemur fram að ekki sé gert ráð fyrir mannvirkjagerð á svæðinu umfram það sem leyfi hefur verið fengið fyrir s.s. fuglaskoðunarhúsi og annað sem tengist útivist. Umhverfisstofnun skilaði umsögn um tillögu að heildarendurskoðun aðalskipulags Sveitarfélagsins Skagastrandar 2019-2031 þann 19. mars 2021 og gerði ekki athugasemdir um fyrirhugaða mannvirkjagerð í fólkvanginum.

Umhverfisstofnun veitir Esja Architecture, f.h. Sveitarfélagsins Skagastrandar, fyrir sitt leyti leyfi fyrir framkvæmdum í Spákonufellshöfða sbr. lýsingu hér að ofan að vori og hausti 2023 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga/vega skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga/vega að verkefni loknu.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.

- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Gæta skal þess að framkvæmdin sé í samræmi við skipulagsáætlanir.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Öll vinnutæki þurfa að vera hreinsuð áður en þau koma inn á svæðið, til að koma í veg fyrir innflutning á ágengum tegundum frá öðrum svæðum.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast, sem stuðlar að náttúrulegu útliti og um leið afmá öll ummerki framkvæmdarinnar.
- Umsækjanda ber að tryggja viðhald mannvirkisins og ef notkun þess er hætt skal það fjarlæggt.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Allur akstur utan vega er bannaður.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun bendir á að framkvæmdirnar geta verið háðar framkvæmdaleyfi sveitarfélagsins á grundvelli skipulagslaga.

***Eftirlit:***

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með frágangi á svæðinu samhliða ástandsmati stofnunarinnar. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst

Sigrún Ágústsdóttir  
forstjóri

Kristín Ósk Jónasdóttir  
sérfræðingur